

33. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar, fimmtudaginn 29. september 2011, kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt: Indriði Þóroddsson, fundarstjóri, Steinunn Leósdóttir, Ólöf K. Arnmundsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri, og Helgi Mar Árnason, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

Indriði bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. SRK gerir þá athugasemd að fundarmönnum hafi ekki verið send fundargögn varðandi 6 mánaða uppgjör sveitarfélagsins. Engar aðrar athugasemdir voru gerðar.

SRK óskar eftir að bætt verði við lið 25. starfsmannamál við dagskrá fundarins á lokuðum fundi. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 01.09.2011**
Lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð atvinnu-, ferðamála- og menningarnefndar, dags. 01.09.2011**
Sveitarstjórn fagnar framtaki varðandi fyrirhugaðan jólamarkað.
Samþykkt samhljóða.
- 3. Fundargerð stjórnar hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts, dags. 12.09.2011**
Samþykkt samhljóða.
- 4. Fundargerð aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. dags.19.02.2011**
Lögð fram til kynningar.
- 5. Skýrsla sveitarstjóra.**
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
 - Sveitarstjóri lagði fram tölvupóst frá Hilmu Steinarsdóttur og Sóley Vífilsdóttir þar sem þær lýsa þungum áhyggjum vegna hávaða sem myndast í Stekk, eldri deild leikskólans Barnabóls. Sveitarstjóri upplýsti að verið er að finna lausnir og athuga með kostnað.
 - Sveitarstjóri upplýsti að mikið hefur verið unnið í vatnsmálum sveitarfélagsins að undanförmu.
 - Aðalfundur Eyþings verður 7.-8. okt. og fjármálaráðstefna sveitarfélaga 13.-14. okt.
- 6. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**
Sveitarstjórn óskar eftir nánari útskýringum vegna umsóknarinnar.
- 7. Ósk um breytingu á samstarfssamningi sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa.**
Lagt fram til kynningar.

8. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 05.09.2011**

Í bréfi sambandsins er bent á að sveitarfélög þurfa að stofna ungmennaráð og eru með bréfinu leiðbeiningar um stofnun og störf ungmennaráða. Lagt fram til kynningar.

Lagt til að bréfið verði sent framhaldsdeildinni og áhugi ungmenna á málefnum kannaður.

9. **Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 05.08.2011**

Í bréfinu eru kynnt framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar á tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðum nemanda. Lagt fram til kynningar, ásamt minnisblaði um þýðingu samningsins fyrir Langanesbyggð.

10. **Bréf frá iðnaðarráðuneytinu, dags. 19.08.2011**

Í bréfinu er kynnt tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Lagt fram til kynningar

11. **Bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 07.09.2011**

Staðfesting á móttöku bréfs frá Langanesbyggð vegna kröfu um úrbætur vegar á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Bréfið verður tekið til meðferðar við endurskoðun samgönguáætlunar. Lagt fram til kynningar.

12. **Bréf frá Velferðarvaktinni, dags. 01.09.2011**

Lagt fram til kynningar.

13. **Ársreikningur Fræs ehf.**

Samþykkt að taka málið af dagskrá, þar eð aðalfundur Fræs ehf. hefur enn ekki verið haldinn.

14. **Kosning í stjórn Fræs ehf.**

Samþykkt að taka málið af dagskrá og sveitarstjóra falið að kanna kostnað og hagræði við að leggja félagið niður.

15. **Kosning í kjörstjórn til eins árs.**

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu, um óbreytta skipan:

Yfirkjörstjórn:

Aðalmenn:

Oddur Skúlason

Jón Marinó Oddsson

Kristín Kristjánsdóttir

Varamenn:

Guðmundur Hólm Sigurðsson

Ágúst Guðröðarson

Svala Sævarsdóttir

Undir kjörstjórn vestri:

Aðalmenn:

Dagbjört Aradóttir

Ragnhildur Karlsdóttir
Marínó Jóhannsson

Varamenn:

Páll Jónasson
Birna Öxdal Gestsdóttir
Björgvin Þóroddsson

Undir kjörstjórn eystri:

Aðalmenn:

María Guðmundsdóttir
Áki Guðmundsson
Rósa Björg Magnúsdóttir

Varamenn:

Björn Guðmundur Björnsson
Freydís Magnúsdóttir
Indriði Þóroddsson

Samþykkt samhljóða.

16. Fundargerð 789 fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 09.09.2011

Lögð fram til kynningar

17. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags 27.09.2011

Liður a. – Mikil umræða um breytingar á aðalskipulagi. Samþykkt að fresta umfjöllun um breytingar á aðalskipulagi til sveitarstjórnarfundar, fimmtudaginn 6. október kl. 17.00.

Liður 2. – Samþykkt samhljóða að veita UMFL land undir MotoCross-braut ofan við malargryffuna í Hálsi. Sveitarstjóra falið að ganga frá lóðaleigusamningi við UMFL, félaginu að kostnaðarlausu.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

18. Fundargerð Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, dags. 08.09.2011

Lögð fram til kynningar

19. Fundargerð AÐ, dags. 13.09.2011

Lögð fram til kynningar

20. Fundargerð Menningarráðs Eypings, dags 26.09.2011

Lögð fram til kynningar

21. Umsókn um styrk, dags. 23.09.2011

Umsókninni hafnað. Sveitarstjóra falið að kanna aðra möguleika.

22. Kosning varamanns á aðalfund Eypings

Samþykkt að skipa Reimar Sigurjónsson í stað Jóhönnu Helgadóttur sem ekki á lengur sæti í sveitarstjórn.

23. Árshlutauppgjör Langanesbyggðar janúar-júní 2011

Farið yfir uppgjörið. Mikil umræða fór fram. Ljóst er að aðgerða er þörf til að rétta af fjárhag sveitarfélagsins. SRK lagði fram rekstrartölur úr ársreikningum annarra sveitarfélaga til samanburðar, þróun fjármála Langanesbyggðar og tillögur til úrbóta.

24. Sala á íbúðum.

Sveitarstjóri fór yfir að ennþá á eftir afgreiða formlega tvær umsóknir sem frestað var 26. maí sl.

Sveitarstjóra falið að ganga að tilboði sem borist hefur í Pálmholt 10. Ákveðið að selja ekki íbúðina að Vesturvegi 6b að svo stöddu.

25. Starfsmannamál

Tekið fyrir á lokuðum fundi.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 23.00